

Vísindasjóður FF og FS

Ársreikningur 2017

Laufásvegi 81
101 Reykjavík

Kt. 691190-1029

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra í Vísindasjóði FF og FS

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs FF og FS fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2017, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Vegna þeirra atriða sem nánar er fjallað um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits gátum við ekki framkvæmt endurskoðun rekstrarreiknings fyrir árið 2017 í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ástæður fyrir áritun án álits á rekstrarreikning

Ekki var gerður ársreikningur fyrir árið 2016. Bókhaldsgögn vegna ársins 2016 liggja ekki fyrir þar sem núverandi stjórn sjóðsins hefur ekki fengið þau afhent frá fyrri stjórn sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. A-386/2017. Af þessum sökum var ekki unnt að staðfesta opunarstöður vegna ársins 2017. Þar sem opunarstöðurnar hafa áhrif á rekstrarreikning ársins 2017, gátum við ekki staðfest að rekstrarreikningurinn sé án verulegrar skekkju.

Álit á efnahagsreikningi

Það er álit okkar að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag sjóðsins 31. desember 2017 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Vísindasjóði FF og FS í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Vísindasjóðs FF og FS og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættunarn á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki er fjallað um í skýringum.

Reykjavík 18. apríl 2018

Árni S. Snæbjörnsson

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir félagsmenn í tengslum við störf þeirra, þannig að komið sé til móts við þarfir og óskir þeirra fyrir endur- og viðbótarmenntun eftir því sem kostur er.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2017 28.076.571 kr. Hrein eign sjóðsins í árslok nam 229.465.700 kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Einn starfsmaður í hálfu starfi, starfaði hjá sjóðnum á árinu 2017.

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 18. apríl 2018

Í stjórn:

Áritun skoðunarmanna

Reykjavík,

Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017
Framlög		194.131.964
Leiðrétting vegna fyrri ára skv. samkomulagi við KÍ		3.995.754
		<u>198.127.718</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	3	5.771.497
Aðkeypt þjónusta		671.532
Styrkir	6	167.111.070
Stjórn, nefndir og erindrekstur		1.186.313
Aðstöðugjald í Kennarahúsinu		1.005.466
Rekstur skrifstofu		1.014.107
		<u>176.759.985</u>
	Rekstrarhagnaður	21.367.733
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur		8.388.174
Vaxtagjöld		(1.702)
Fjármagnstekjuskattur		(1.677.634)
		<u>6.708.838</u>
	Hagnaður ársins	<u>28.076.571</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2017
Veltufjármunir		
lögjaldakrafa á launagreiðendum		15.147.981
Handbært fé		<u>226.507.563</u>
Veltufjármunir samtals		<u><u>241.655.544</u></u>

Eignir samtals 241.655.544

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé		<u>229.465.700</u>
Eigið fé samtals	4	<u>229.465.700</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Félagssjóður KÍ		<u>12.189.844</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>12.189.844</u>
Skuldir samtals		<u>12.189.844</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>241.655.544</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Vísindasjóður félagsmanna FF og FS er til heimilis að Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Aðstöðugjald

Breytingar á aðstöðugjaldi voru samþykktar í fjárhagsáætlun Kennarasambands Íslands sem lögð var fram á 6. þingi sambandsins í apríl 2014. Breytingar felast í því að í stað hlutfalls af tekjum er aðstöðugjaldí sjóðum KÍ nú reiknað út frá forsendum sem samþykktar voru á þinginu og samanstandur það af reiknaðri hlutdeild félagsins í launakostnaði, innheimtukostnaði og starfstengdum kostnaði. Við útreikning aðstöðugjalds í Vísindasjóði FF og FS er hins vegar aðeins tekið tillit til starfstengds kostnaðar enda eru laun starfsmanns sjóðsins gjaldfærð í bókhaldi hans.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2017
Laun	5.734.719
Mótframlag í lífeyrissjóð	595.380
Stéttarfélag	195.299
Tryggingargjald	432.412
Laun og launatengd alls	6.957.810
Laun og launat.gj.frams.í öðrum liðum	(1.186.313)
Laun og launat. gj. skv. ársreikningi	5.771.497

Einn fastur starfsmaður starfaði hjá sjóðnum, í hálfu starfi. Auk þess er greitt til 3 aðila fyrir stjórnarstörf.

Skýringar

4. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1/1	200.909.439
Hagnaður ársins.....	28.076.571
Leiðrétting vegna fyrri ára	479.690
Eigið fé 31/12	<u>229.465.700</u>

5. Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur fyrir árið 2016 hefur ekki verið gerður né verið samþykktur af stjórn sjóðsins. Vegna þessa eru ekki birtar samanburðarfjárhæðir við fyrra ár í ársreikningi vegna ársins 2017. Stjórn sjóðsins hefur gert ítrekaðar tilraunir til að nálgast bókhaldsgögn sjóðsins fyrir árið 2016 en ekki tekist sbr. dómsmál nr. A-386/2017.

Sundurliðanir

	2017
5. Styrkir	
Úthlutun starfsmenntunarstyrkja.....	28.360.533
Úthlutun styrkja vegna framhaldsnáms.....	8.375.083
Úthlutun hópstyrkja.....	28.150.923
Úthlutun styrkja A-deild.....	94.586.531
Námsorlof.....	7.638.000
	<hr/>
	167.111.070
	<hr/>